



313. fundur Afrekssjóðs ÍSí

Fimmtudagur 7. mars 2024 kl. 16.00

Mætt öll á Teams:

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður , Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Knútur G. Hauksson (KH) .

Fjarverandi: Guðrún Inga Sívertsen (GS)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSí.

1. Bréf til afrekssjóðs og framkvæmdastjórnar ÍSí.

- **LSÍ–Lyftingasamband Íslands**

LSÍ sendi erindi mótttekið þann 20. febrúar sl.

Óskað er eftir viðbótarúthlutun vegna villu í umsókn sérsambandsins. Sérsambandið hafði í umsókn sinni skráð lægra stöðugildi í afreksstarfi en raunin er. Sendi því inn nýja umsókn þann 20. febrúar með leiðréttingu. Kom fram að stöðugildi í afreksstarfi væru 2,0 en ekki 1,7 eins og fram kom í fyrri umsókn.

Í 16. gr. Reglugerðar um Afrekssjóð ÍSí kemur fram að sérsambönd geti sent inn umsóknir til Afrekssjóðs ÍSí utan auglýsts umsóknartímabils vegna ófyrirséðra verkefna vegna aukins íþróttalegs árangurs. Stjórn Afrekssjóðs telur ekki rétt að hækka heildarúthlutun vegna breytinga í umsókn á skráðum stöðugildum eftir úthlutun.

Ekki er hægt að verða við erindinu.

- **ÞRÍ–Þríþrautarsamband Íslands**

ÞRÍ sendi erindi mótttekið þann 15. febrúar sl.

Í erindi ÞRÍ kom fram að úr afrekssjóði væri úthlutað 30 milljónum í styrki vegna ÓL/PL undirbúnings og í Ólympíuhópi ÍSí væru 9 einstaklingar frá 6 sérsamböndum. Þar af fékk ÞRÍ eina milljón kr. og teldi að um verulega misskiptingu til sambanda væri um að ræða. Óskar því eftir að stjórn Afrekssjóðs ÍSí enduskoði þessa úthlutun til ÞRÍ.

Við úthlutun styrkja vegna ÓL/PL undirbúnings er horft til fjölda þátta, m.a., heildarúthlutun til sérsambands, hversu nálægt þáttökurétti viðkomandi einstaklingur er, hversu margir einstaklingar frá viðkomandi sérsambandi eiga möguleika, umfang og heildarkostnað afreksstarfs, o.s.frv.

Níu sérsambönd fengu úthlutaðan styrk vegna ÓL/PL undirbúnings, tvö fengu 1mkr., tvö fengu 2mkr., þrjú fengu 4mkr. og tvö fengu 6mkr.

Úthlutunin var í samræmi við reglugerð og viðmiðunarfjárhæðir og áherslur ársins 2024.

Ekki er hægt að verða við erindinu.

- **GSÍ–Golfsamband Íslands**

GSÍ sendi erindi mótttekið þann 20. febrúar sl.

Í erindinu var óskað eftir endurskoðun á flokkun GSÍ. Telur sérsambandið að það eigi að vera í Afreksflokk I en ekki Afreksflokk II. Að mat stjórnar Afrekssjóðs á styrkleika DP mótaraðarinnar sé rangur.

Í árangurs kvarða fyrir árið 2024 hefur áunninn þátttökuréttur á sterkustu mótarið í heimi fallið undir Afreksflokk I og áunninn þátttökuréttur á sterkustu mótarið í Evrópu fallið undir Afreksflokk II. Var GSÍ skráð í afreksflokk II á grundvelli þess að stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ metur DP World Tour mótariðina ekki eins sterka og PGA mótariðina. Við matið var horft til þess að Evrópumótariðin sem DP World Tour byggir á, hefur ekki verið metin jafn sterk og PGA mótariðin. Allir sterkustu kylfingar heims hafa sótt PGA mótariðina en helst evrópskir kylfingar sem sótt hafa DP mótariðina. Þá var leitað umsagnar um styrk mótaraðanna hjá sænsku Ólympíunefndinni.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ telur þó rétt að afrekssvið fari í ítarlegri greiningu á styrkleika þriggja stærstu mótaraða karla í golfi fyrir næstu úthlutun.

Ekki er hægt að verða við erindinu.

- **FSÍ–Fimleikasamband Íslands**

FSÍ sendi erindi mótttekið þann 6. febrúar sl. Stjórn afrekssjóðs fjallaði um erindið á fundi sínum þann 14. febrúar og 7. mars.

Í fundargerð stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ frá 14. febrúar sl. er eftirfarandi bókað:

Við úthlutun úr Afrekssjóði er ekki gerður greinarmunur á þátttöku í EM eða HM þegar litið er til styrkja vegna þátttöku í lokamótum. Jafnframt hefur stjórn Afrekssjóðs litið á mót sem haldin eru með undankeppni og svo úrslitum í kjölfarið, sem eitt mót.

Þar sem ekki þarf að vinna sér þátttökurétt á fyrri hluta mótsins þar sem fáar þjóðir taka þátt, fellur mótið ekki undir skilgreiningu Afrekssjóðs um lokamót í hópíþrótt.

Í upprunalegri umsókn FSÍ um styrk til Afrekssjóðs vegna þátttöku ungmenna í stórmótum lágu upplýsingar um þátttöku ungmennaliðanna fyrir. Eingöngu hefur verið veittur einn styrkur vegna þátttöku ungmennaliða, óháð hversu mörg ungmennalið ná fullnægjandi árangri. Til að fá fullan styrk í þessum lið er gerð krafa um áunninn rétt á mótinu. Svo er ekki í tilfelli FSÍ og fær sambandið því hálfan styrk í ljósi frábærs árangur unglingsliðsins sem vann til verðlauna á mótinu 2022.

Í ljósi ofangreinds og til að gæta samræmis er ekki hægt að verða við erindinu.

Rætt var að skoða mætti fyrir úthlutun 2025, þátttöku alþjóðasamtaka í kostnaði sérsambanda við stórmót. Hvort rétt væri að skerða styrki ef alþjóðasamtök væru að styrkja mótin líka. Einnig hvort rétt væri að takmarka fjölda fylgdaraðila í alþjóðleg mót. Var það gert að einhverju leyti við úthlutun fyrir árið 2024. Verður skoðað fyrir næstu úthlutun.

Telur stjórn Afrekssjóðs ákvörðunina rétta og staðfestir synjun á erindinu.

2. Fundargerð vantar í númeraröð

Þann 5. janúar sl. var haldinn fundur hjá stjórn Afrekssjóðs en láðst hefur að skrá fundargerð í númeraröð. Var það upplýst og verður fundargerðin lögð fyrir næsta fund og númeraröð leiðrétt.

3. Úthlutun vegna 2025.

Rædd var tímalína vegna úthlutunar fyrir árið 2025.

Stefnt verði að því að yfirfara reglugerð og gögn vegna úthlutunar fyrir árið 2025 í apríl/maí 2024 svo hægt verði að hefja umsóknarferli í september.

4. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður í apríl.

Fundi slitið kl. 17.00